

# Starfsáætlun 2021 – 2022

## Samskipti, virðing og samvinna



Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Leikskólastjóri

September 2021

## Efnisyfirlit

Starfsáætlun.....	3
Uppeldisstefna Arkarinnar .....	3
Foreldrafélagið.....	4
Samstarf leik- og grunnskóla .....	4
Könnunaraðferð.....	5
Snemmtæk íhlutun í máli og læsi .....	7
Málvörvun í daglegu starfi.....	8
Mat á skólastarfi .....	9
Ytra mat.....	9
Innra mat.....	10
Matsáætlun.....	10
Símenntun .....	10
Starfsdagar .....	11
Stoðþjónusta .....	11
Öryggis og slysavarnarmál.....	12
Starfsmenn.....	12
Umbótaáætlun.....	16
Framtíðarsýn – Lokaorð.....	17
Skóladagatal 2021-2022.....	18

## Starfsáætlun

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Í henni sé gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna. Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Arkar skólaárið 2021-2022 og er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum.

### Markmið Arkar skólaárið 2021-2022 eru:

- að viðhalda starfsgleði í leikskólanum.
- að efla alhliða þroska nemenda.
- að stuðla að góðri samvinnu við foreldra.
- að veita nemendum hlýju, umhyggju, öryggi og festu.

### Uppeldisstefna Arkarinnar

Hugsmíðahyggja er samsafn kenninga um nám. Þar má meðal annars nefna kenningar Jean Piaget og Lev Vygotsky um uppbyggingu þekkingar og einnig kenningu John Dewey um nám á forsendum nemandans og þeirrar reynslu sem hann verður fyrir.

Nemendur eru virkir í eigin námi og eru hvattir til að ígrunda, leita lausna, rökræða og læra með því að byggja ofan á fyrri hugmyndir, reynslu og þekkingu. Til þess að ná fram þeim þáttum leggjum við áherslu á leik, könnunaraðferð og könnunarleik, auk þess sem allt starf okkar miðast við þessa hugmyndafræði.

#### Viðhorf:

- Viðhorf okkar til verkefna og náms nemenda.
- Vinnan á að vera í samræmi við aldur og þroska þannig að hvorki verkefni né leikefni séu of einföld eða of þung, heldur krefjandi og spennandi.

#### Leikur:

- Leikurinn er númer eitt og hann er það sem starf okkar byggist á.
- Börn læra best í gegnum leik.

## Foreldrafélagið

Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir og fjármagnað ýmsar skemmtanir fyrir börn og foreldra, staðið fyrir fræðsluerindum auk þess sem það færir leikskólanum reglulega gjafir.

### Foreldrafélagið veturinn 2021-2022 skipa:

- Heiðbrá Ólafsdóttir, formaður
- Sverrir Guðmundur Guðmundsson, ritari
- Saga Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Andrea Guðlaugsdóttir, meðstjórnandi
- Nanna Fanney Björnsdóttir, meðstjórnandi

Tengiliður leikskólastarfsmanna er Sólbjört Sigríður Gestsdóttir

Foreldraráð starfar við leikskólann og er það skipað þremur fulltrúum en einn þeirra er kosinn fulltrúi foreldrafélagsins og myndar þannig tengingu milli þessara nefnda. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskóla. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig situr einn úr ráðinu í Fræðslunefnd Sveitafélagsins.

### Foreldraráð veturinn 2021 – 2022 skipa:

- Árný Lára Karvelsdóttir, formaður
- Björk Guðnadóttir ritari
- Bjarki Oddsson meðstjórnandi

## Samstarf leik- og grunnskóla

Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að byggja brú þar sem skólastigin mætast og nýta sér það besta sem hitt skólastigið hefur upp á að bjóða. Félagssleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla.

Samstarfið er tvíþætt. Annarsvegar er um að ræða heimsóknir á báða bóga og aðlögun leikskólabarnanna að grunnskólanum og hinsvegar eru sameiginleg foreldrafærninámskeið.

Elstu börn leikskólans taka þátt í smíðjum að vori en þá er þeim skipt í hópa ásamt börnum úr 1. bekk og taka þátt í smíðjum vikulega yfir ákveðin tíma. Þau fara í mat í mötuneyti skólans, taka þátt í þemadögum að vori og þeim býðst að taka þátt í ýmsum uppkomum eða sjá t.d. leiksýningar nemenda.

Auk þess fara þau vikulega í íþróttahúsið alveg frá hausti og æfa sig í að fara í fataklefan þar og einnig er farið í reglulegar heimsóknir á bókasafnið.

Skólafærninámskeiðin eru þrjú. Það fyrsta er haldið í leikskólanum og þá er farið yfir áætlun og áherslur vetrarins og fjrirkomulag samstarfsins. Annað námskeiðið er haldið í Hvolsskóla og er þar farið yfir hvaða þættir eru mikilvægir hjá barni sem er að hefja nám í grunnskóla en m.a. er farið yfir mikilvægi lestrarnáms ásamt praktískum atriðum á borð við dagvistun eftir skóla. Þriðja námskeiðið er síðan haldið að vori og er það nokkurskonar uppskeruhátíð haldin í Hvolsskóla. Farið er í leiki í skólanum, litið í skólabækur, farið í ratleik um skólann og svo grillaðar pylsur á eftir.

### Könnunaraðferð

Könnunaraðferðin hentar sérstaklega vel með ungum börnum. Hún er skyld þemaaðferðinni eins og hún er þekkt í íslenskum grunnskólum og leikskólum, en hún tengist einnig námsaðferðinni sem er beitt í anda leikskólanna í Reggio Emilia. Allar þessar stefnur stuðla, hver á sinn hátt, að samvinnu milli nemanda og skapandi starfs.

Könnunaraðferðin (project approach) gengur út á það að tekið er fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því út frá áhuga barnanna. Viðfangsefnið er venjulega tekið úr umhverfi sem börnin þekkja og það nálgast þannig að það hafi persónulega merkingu fyrir barnið. Viðfangsefnið getur verið ákvarðað hjá börnunum sjálfum eða kennaranum, en það er alltaf eðlislægur áhugi barnanna sem ræður ferðinni. Það er hægt að vinna með þessa aðferð með stóran eða lítinn hóp barna, í lengri eða skemmri tíma.

Aðalmarkmið könnunaraðferðarinnar er að þroska huga ungra barna og þá er ekki einungis verið að tala um hæfni og þekkingu, heldur líka um tilfinningalega-, siðferðilega- og fagurfræðilega þætti. Við göngum út frá því hvaða þekkingu barnið hefur og hvernig má efla hana. Við aðstoðum barnið við að afla sér upplýsinga um viðfangsefnið og skilgreinum hugtök þannig að það geri sér grein fyrir tengslum og merkingu viðfangsefnisins. Við hvetjum barnið til að spyrja spurninga og spyrjum barnið opinna spurninga, þannig náum við fram áhuga barnanna og getum æft þau í að styrkja hugsanavenjur sínar.

Í leikskóla erum við mikið að vinna með félagslega færni og könnunaraðferðin er góð leið til að styrkja hana, s.s. með hópavinnu, samræðum, að deila upplýsingum og reynslu og komast að samkomulagi. Félagleg færni gengur m.a. út á að læra að gefa og þiggja, eiga vini, eiga samskipti við aðra og læra að skilja orsök og afleiðingu. Líðan barnsins meðan á vinnu

verkefnisins stendur hefur mikil áhrif á hvernig til tekst, þess vegna er mikilvægt að verkefnið höfði til barnanna.

Börnin þurfa að læra að takast á við bæði velgengni og mistök og geta greint frá tilfinningum sínum. Hlutverk kennarans í könnunaraðferðinni er að skipuleggja og framkvæma verkefnið og leiða það áfram á forsendum barnanna.

Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir spurningum barnanna, ræða þær hugmyndir sem koma upp og setja fram tilgátu um það sem verið er að athuga. Kennarinn þarf sem sagt að leiða verkefnið, hvetja börnin áfram, styðja þau og fá þau til að nýta þá þekkingu sem þau búa yfir. Verkefnavinnan skiptis í þrjá hluta sem tákna upphaf, miðju og endi.:

### 1. hluti:

- Upphaf – það getur verið að lesa bók, skoða myndband, skoða hluti eða annað sem vekur áhuga nemenda.
- Þekkingarvefurinn er búinn til.
- Vinnuspurningar gerðar.
- Bréf um verkefnið sent heim til foreldra

### 2. hluti:

- Undirbúningur að vettvangsferðum.
- Farið í vettvangsferðir.
- Úrvinnsla vettvangsferðanna ( umræður, hlutir, bækur).
- Heimsókn til sérfræðinga eða þeir koma í heimsókn.

### 3. hluti:

- Uppákomu ( sýning ) sem sýnir eða miðlar náminu sem hefur átt sér stað. Börnin eru með í því að skipuleggja hvernig það er sett fram.
- Mat á því hvernig til tókst.
- Niðurstaða síðasta verkefnis getur kveikt hugmynd að næsta verkefni

## Snemmtæk íhlutun í máli og læsi

Þennan veturinn munum við innleiða verkferla sem finna má í handbókinni okkar. Innleiðingin verður eftirfarandi :

Starfsdagur 27. Ágúst 2021 –

- Fara yfir hvað er snemmtæk íhlutun.
- Farið yfir allt verklag stunda í daglegu námsumhverfi.
- Tekið sérstaklega fyrir verklag við matarborð og leik.
- Kynna ígrundunarblöð sem gefa starfsfólki tækifæri til að meta hvernig gengur að vinna að snemmtækri íhlutun í daglegu starfi.
- Starfsfólk fær verkefni að íhuga og skoða hvernig sjónrænt skipulag á deild er. Allir bera saman ábyrgð á því að það sé aðgengilegt og til staðar.

Starfsdagur 10. Nóvember 2021 –

- Hvernig hefur gengið með matarborð og leik – hafið þið nýtt ykkur ígrundun til að bæta starfið?
- Umræða um sjónrænt skipulag á deildum – skráning um hvað er til staðar og hvað vantar, starfsfólk segir frá.
- Farið yfir málövnunarstundir og hópastarf
- Horfa á málövnunarstundir og umræður og punktar um hvað var gott og hverju þarf að bæta við.
- Farið yfir þætti hljóðkerfisvitundar

Starfsdagur 2. Janúar 2022 –

- Hvernig hefur gengið með málövnunarstundir og hópastarf – hafið þið nýtt ykkur ígrundun til að bæta starfið?
- Farið yfir samverustundir
- Hvernig er sjónrænt skipulag nú? Hvernig hefur gengið að bæta við það?
- Við erum með ákveðna áætlum fyrir næstu fundi – er eitthvað sérstakt sem þið viljið fara yfir, vita meira um, skoða betur? Umræður.

Starfsdagur 10. Mars 2022 –

- Hvernig hefur gengið með samverustundir – Hafið þið nýtt ykkur ígrundun til að bæta starfið?
- Farið yfir skipulag við fataklefa, salerni, hvíld.
- Er eitthvað sem ykkur finnst vanta í þessar stundir sem við erum búin að fara yfir?

Starfsdagur 3. Júní 2022 – allir lesa yfir handbók fyrir þennan starfsdag.

- Hvernig hefur gengið með skipulag við fataklefa, hvíld og salerni?
- Almennar umræður – hvernig hefur gengið, hvað þarf að bæta við, er eitthvað óskýrt eða erfitt að skilja,
- Farið yfir áætlun fyrir næsta ár.

#### Deildarfundur 1 -4

- Mælum með að deildarstjórar byrji fundi á því að fara yfir aldurstengt efni úr glærupakkanum: Málörvun og boðskipti

### Málörvun í daglegu starfi

Tákn með tali (TMT) er tjáningarform sem ætlað er heyrandi fólki sem tekst á við mál- eða talörðugleika. TMT er ávallt notað samhliða tali og byggir á eðlilegu talmáli þar sem lykilorð hvernar setningar eru táknúð. Ástæðan þess að nota TMT í leikskólanum er meðal annars sú að mikilvægt er að koma til móts við þarfir allra barna sem þar dvelja. Börn eru fljót að ná færni í notkun á táknum eins og þeim sem notuð eru í TMT og nýtist þetta öllum börnum, en ekki bara þeim sem eiga við einhverskonar mál- eða talörðugleika að etja. TMT er því einskonar hjálpartæki og er sérstaklega gott fyrir þau börn sem ekki hafa náð tökum á talmálinu.

Lubbi finnur málbein býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku mállhljóðin, fljótt og vel.

Lubbastundir byggjast á bókinni Lubbi finnur málbein, íslensku mállhljóðin sýnd og sungin sem er eftir þær Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur.

Í bókinni er unnið með nám í þrívídd, þá er átt við sjónskyn, heyrnarskyn og hreyfi- og snertiskyn. Með því að vinna með hljóðanám í þrívídd er verið að æfa börnin í að tileinka sér íslensku mállhljóðin, það brúa bilið milli stafs og hljóðs og að lokum kemur þetta börnum á sporið í lestri og ritun.

Öflug málörvun er alltaf af hinu góða. Það þarf að gefa sér tíma til að spjalla við barnið hvort sem um er að ræða í leik eða daglegum störfum hversdagsins. En barnið verður líka að hafa svigrúm til að nema það sem við segjum og við þurfum að gefa því tíma til að svara.

Í leik eða daglegum athöfnum er gott að nefna liti, tölur og bókstafi þegar slíkt á við. Tölum um afstöðuhugtök (t.d. undir, yfir, kringum, við hliðina o.s.frv.), lýsandi hugtök (t.d. þessi pollur er grunnur en þessi er djúpur, eða, þessi bolti er stærri en þessi og þessi er minnstur). Nefnum líkamshluta, t.d. þegar verið



er að baða eða háttu. Tölum um mismunandi áferð t.d. fatnaðar (mjúkur, hrjúfur) o.s.frv. Allt sem okkur dettur í hug!

Það er deginum ljósara að lestur fyrir börn felur í sér mikla og góða málönnun. Við lestur örvum við orðaforða barna, þau kynnst annarskonar málfari en við notum venjulega og það er hollt og gott að lesa sömu bækurnar aftur og aftur. Börnin skynja uppbyggingu frásagnar, skipulag atburðarásar, orðaröð og setningagerð. Við upphaf lestrar ættum við að skoða bókarkápu með barninu, spá í nafnið á bókinni og íhuga efni bókarinnar út frá titlinum. Þegar við lesum þurfum við að hafa orðaskil greinileg, ýkja örlítið blæbrigði, benda á myndir um leið og lesið er, útskýra orð og hugtök í stuttu máli ef þörf krefur eða nefna önnur orð til skýringar. Byrjum að lesa fyrir börn um leið og þau geta fylgst með stórum og einföldum myndum (vanalega upp úr þriggja mánaða aldri).

Ítarlegri upplýsingar eru í handbókinni Snemmtæk íhlutun í máli og læsi sem gefinn var út á vormánuðum 2021.

## Mat á skólastarfi

- Starfsmannakönnun að hausti og vori
- Könnun fyrir nýja foreldra um hvernig aðlögun gekk
- Foreldrakönnun að vori (á íslensku og ensku)
- Tengslahringur haust og vor – starfsmenn fylla út
- Viðtöl við börnin að vori
- Fagfundir
- Fundir með leiðbeinendum
- Deildarfundir
- Deildarstjórafundir
- Heilsueflandi leikskóli
- Innleiðing á handbók um snemmtæka íhlutun og máli og læsi.

## Ytra mat

Á hverju ári er lögð fyrir foreldrakönnun þar sem foreldrar meta ýmsa þætti í skólastarfi leikskólans t.d. aðbúnað, samskipti við starfsmenn ofl.

Á þessu skólaári verður starfsmannakönnun um ýmsa þætti er snúa að vellíðan í starfi, vinnuáðstæður ofl.

## Innra mat

Skýlda leikskólans er að meta skólastarf og er markmið með innra mati á leikskólastarfi að stuðla að bættu starfi leikskóla og veita upplýsingar um hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla. Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að upplýsingum er safnað um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Markmið með mati er að auka þekkingu og skilning kennara og annars starfsfólks á þroska barna, námi og líðan.

## Matsáætlun

Unnið hefur verið að matsáætlun og hafa leikskólastjórar á svæðinu unnið sameiginlega að matskerfi og könnunum fyrir foreldra og starfsfólk. Þeir þættir sem líta þarf til og eru mikilvægir í starfsmannakönnun eru: stefnumótun, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsandi, vinnuaðstaða, álag og áreiti. Í foreldrakönnunum er mikilvægt að skoða samskipti, aðbúnað, upplifun foreldra, líðan barna og foreldra og aukið upplýsingaflæði milli heimilis og skóla.

## Námsmat barna :

- TRAS skimunartæki á málþroska 2-5 ára barna
- Hljóm-2 greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans
- Íslenski smábarnalistinn
- Íslenski þroskalistinn - þegar við á
- EFI-2
- Starfsmenn meta starf deildar á deildarfundum..

## Símenntun

Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir leikskólann. Starfsfólki stendur til boða að sækja fjölbreytt námskeið sem Skólaláþjónustan skipuleggur. Leikskólinn greiðir 10.000 fyrir hvern starfsmann á þessi námskeið á hverju skólaári. Þetta var gert til að ýta undir að fólk myndi sækja þessi námskeið. Starfsmenn geta líka sótt námskeið á vegum ýmissa stofnanna og geta þá sótt í endurmenntunarsjóð síns stéttarfélags.

Síðustu ár hefur sveitarfélagið styrkt sérstaklega starfsmenn sem eru að sækja sér leikskólakennaramenntun. Starfsmenn sækja um styrk og fá greidd laun á meðan þeir sinna stað og verklotum og einnig fá þeir

eingreiðslu þegar þeir klára vissan einingafjölda í námi. Þetta hefur hvatt starfsfólk áfram og nú eru 6 starfsmenn að nýta þessa leið til að mennta sig í leikskólakennarafræðum.

## Starfsdagar

Starfsdagar eru 6 á þessu skólaári. Þessir dagar eru skipulagðir í samstarfi við Hvolsskóla og er reynt eftir fremsta megni að skipuleggja þá þannig að þeir sé á sömu dögum í báðum skólum til að koma til móts við foreldra Sjá nánar á skóladagatali leikskólans. Á starfsdögum er starfið skipulagt til styttri og lengri tíma ásamt mati á því starfi sem fram hefur farið. Einnig eru starfsdagar notaðir til að efla starfsfólk með því að fá námskeið og fyrirlestra.

## Stoðþjónusta

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu sér um stoðþjónustu til leikskólans og til sveitarfélaganna í kring. Þar hefur leikskólinn aðgang að leikskólaráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi. Ráðgjafadagar munu vera áfram í fjarfundabúnaði en þar geta foreldrar og starfsfólk óskað eftir viðtali við sálfræðing um þau mál sem brenna á þeim vegna barna.

Leikskólaráðgjafi veitir ráðgjöf til skólastjóra, kennara og annars starfsfólks leikskólans, bæði um inntak og skipulag í þeim tilgangi að efla skólann stöðugt í starfi. Hann veitir ráðgjöf og stuðning varðandi líðan, nám og þroskastöðu, félagsfærni og hegðun. Leikskólaráðgjafi situr m.a. í teyimum um málefni einstaklinga og aðstoðar við gerð einstaklingsnámskráa barna og nemenda með sérþarfir eftir óskum þar um.

Í leikskólanum er áhersla lögð á að hefja markvissa íhlutun/sérkennslu um leið og grunur um frávik vaknar eða þörf er talin vera á viðbótarkennslu. Í mörgum tilfellum þurfa börn tímabundna íhlutun en síðan eru önnur sem þurfa úrræði til lengri tíma. Gréta Helgadóttir er yfirmaður sérkennslu og skipuleggur hana. Sjá nánar um verkferla í Handbók um snemmtæka íhlutun í máli og læsi.

Yfirmaður sérkennslu gerir m.a. einstaklingsnámskrár í samstarfi við foreldra og starfsmenn leikskólans, metur reglulega framfarir barnanna samhliða þörf og eðli íhlutunar sérkennslunnar. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá barnsins við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í hópum, einstaklingslega eða í fjámennum leikhópum. Í vetur munu þrír starfsmenn sinna sérkennslu á deildum í 1,8 stöðugildi og tveir starfsmenn í 1,0 stöðugildi sinna einstaklingsstuðning á deild.

## Öryggis og slysavarnarmál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands kemur einu sinni á ári í reglubundna skoðun á húsakynnum skólans.

Öryggismiðstöðin sér um að vakta brunakerfi leikskólans.

Innra eftirlit á leikvelli fer fram í daglegri yfirlitsskoðun. Tilgangur hennar er að greina strax hættur sem geta stafað af skemmdarverkum, notkun, sliti eða veðrun.

Samkvæmt öryggiskröfum frá vinnueftirliti eru öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður kosnir úr hópi starfsfólks.

Hlutverk þeirra er að gæta að þáttum tengdum öryggi og vellíðan á vinnustað. Framkvæmt er svokallað áhættumat sem nýtt er til endurbóta á starfi og umhverfi leikskólans.

Unnið er að öryggishandbók fyrir starfsemi leikskólans og verður henni lokið á þessu skólaári. Endurskoðun mun svo fara fram reglulega af öryggisnefnd leikskólans en í þeirri nefnd sitja skólastjóri, öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður.

## Starfsmenn

Síðasta vetur var lögð áhersla á starfsánægju starfsfólks. Í vetur verður haldið áfram með þá vinnu. Meginviðfangsefni heilsueflandi leikskóla þennan veturinn er geðrækt. Betri kynning á heilsueflandi leikskóla verður kynnt þegar líða tekur á skólaárið.

Á meðan við verðum á fleiri starfsstöðvum vegna húsnæðisvanda þá munum við halda áfram að efla og hvetja starfsfólk áfram. Það verður gert með stuttum nafnlausum könnunum þar sem spurt verður um starfsánægju starfsfólks. Með þessum könnunum vonum við að ná fyrir utan um starfsfólk efvart verður við óánægju eða að starfsfólki líði ekki sem best í starfi.

Þar sem við verðum á fleiri en einni starfsstöð var ákveðið að leikskólastjóri yrði með sína aðstöðu í Hvolnum og aðstoðarleikskólastjóri yrði með sína aðstöðu í Litla Dímon. Þannig væru stjórnendur sýnilegri og þægilegra að ná á þá ef þarf. Starfsmannaaðstaða starfsfólks er á tveimur stöðum þ.e. í Hvolnum og Litla Dímon. Þar geta starfsmenn sinnt undirbúningi og öðru sem þarf vegna starfsemi leikskólans. Einnig munum við nýta kaffisenu og stóra salinn í Hvolnum fyrir fundi og fyrirlestra.

Í haust munum við yfirfara samskiptasáttmála starfsfólks og allir starfsmenn munu svo skrifa undir að þeir ætli að taka þátt.

Vinna við jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu mun hefjast á þessu skólaári þegar starfsmannastefna sveitafélagsins hefur verið gefin út.

Í kjarasamningum er kveðið á um styttingu vinnuviku og munum við halda áfram með sömu styttingu og síðasta skólaár þ.e. 2 klst á viku ásamt því að starfsfólk safnar 1 klst í svokallaða viðbótarstyttingu. Viðbótarstytting er hugsuð fyrir þá sem þurfa að vera frá vinnu lengur en vikulega styttinginn og fólk getur sótt um á rafrænu eyðublaði sem sent er til leikskólalastjóra.

Skólaárið 2021-2022 erum við með fjóra nema í leikskólakennarafræðum auk tveggja nema á framhaldsskólastigi, einn nema í sálfræði og einn nema í þroskaþjálfrafræðum.



Nefndir og ráð 2021-2022

Trúnaðarmaður KÍ	Árný Jóna Sigurðardóttir
Trúnaðarmaður FOSS	Kristjana Laufey Adolfsdóttir
Öryggisstrúnaðarvörður	Hildur Tryggvadóttir
Öryggisstrúnaðarmaður	Justyna Lis Nogal
Öryggisnefnd	Justyna Lis Nogal Hildur Tryggvadóttir Sólbjört Sigríður Gestsdóttir
Heilsueflinganefnd Leikskólans	Anna Margrét Aðalsteinsdóttir Gréta Helgadóttir Árný Jóna Sigurðardóttir Valborg Jónsdóttir: Verkefnastjóri Anna Kristín Helgadóttir: næringafulltrúi
Áfallaráð	Sólbjört Sigríður Gestsdóttir Andrea Hrunn Þjarnadóttir Unnur Óskarsdóttir
Jafnréttisnefnd	Valborg Jónsdóttir Anika Wiest Kristjana Laufey Adolfsdóttir
Skólanámsskrárnefnd	Sólbjört Sigríður Gestsdóttir Unnur Óskarsdóttir Karítas Björg Tryggvadóttir Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir
Skemmtinefnd	Karítas Björg Tryggvadóttir: ritari Sólbjört Sigríður Gestsdóttir: gjaldkeri Justyna Bronisewska Þórey Þorkelsdóttir
Ferðanefnd	Unnur Óskarsdóttir Anna Kristín Helgadóttir Sólbjört Sigríður Gestsdóttir
Áheyrnafulltrúi í Fræðslunefnd	Eyrún Elvarsdóttir
Tengiliður foreldraráð/foreldrafélag leikskóla	Sólbjört Sigríður Gestsdóttir
Fagfundir KÍ	Allir starfsmenn KÍ
Fundir með leiðbeinendum	Allir starfsmenn Foss
Þróunarverkefni Leikskólans	Sólbjört Sigríður Gestsdóttir Gréta Helgadóttir Anna Kristín Helgadóttir Árný Jóna Sigurðardóttir Harpa Sif Þorsteinsdóttir
Heilsueflandi samfélag nefnd á vegum sveitafélagsins.	Valborg Jónsdóttir
Vinnustýtttingarnefnd	Árný Jóna Sigurðardóttir Andrea Hrunn Þjarnadóttir Valborg Jónsdóttir

## Starfsmenn deilda skólaárið 2021-2022

Tónaland	Starfshlutfall	Starfsheiti
<b>Póra Sigurborg Guðmannsdóttir</b>	100%	Deildarstjóri
<b>Sigríður Lóa Gissurardóttir</b>	100%	Leiðbeinandi
<b>Andrea Hrund Bjarnadóttir</b>	100%	Leiðbeinandi, nemi
<b>Kristjana Laufey Adolfsdóttir</b>	100%	Leiðbeinandi
<b>Marzena Danuta Sobocka</b>	100%	Kennari

Ævintýraland	Starfshlutfall	Starfsheiti
<b>Árný Jóna Sigurðardóttir</b>	100%	Deildarstjóri, nemi
<b>Leó Snær Konráðsson</b>	100%	Leiðbeinandi, nemi
<b>Sarah Maagaard Nielsen</b>	50%	Leiðbeinandi
<b>Þórunn Jónsdóttir</b>	100%	Kennari
<b>Ásta Sveinbjörnsdóttir</b>	100%	Leiðbeinandi
<b>Przemyslaw Bielawski</b>	100%	Leiðbeinandi

Óskaland	Starfshlutfall	Starfsheiti
<b>Anna Kristín Helgadóttir</b>	100%	Deildarstjóri
<b>Hildur Tryggvadóttir</b>	100%	Leiðbeinandi, nemi
<b>Olga Vasseljewa</b>	100%	Leiðbeinandi
<b>Justyna Bronisewska</b>	100%	Kennari
<b>Maria Guidetti</b>	100%	Leiðbeinandi
<b>Þorlákur Sveinsson</b>	75%	Leiðbeinandi / afleysing

Draumaland	Starfshlutfall	Starfsheiti
<b>Helga Kristín Sigurbjörnsdóttir</b>	100%	Deildarstjóri / Leikskólaliði, nemi
<b>Harpa Sif Þorsteinsdóttir</b>	100%	Í fæðingarorlofi / Deildarstjóri
<b>Helga Bergdóttir</b>	75%	Kennari
<b>Emese Daszkiewicz -Gönzy</b>	100%	Kennari
<b>Judith Jónsdóttir</b>	100%	Leiðbeinandi
<b>Vera Lucia dos Santos</b>	100%	Leiðbeinandi

Undraland	Starfshlutfall	Starfsheiti
<b>Unnur Óskarsdóttir</b>	100%	Deildarstjóri
<b>Karítas Björg Tryggvadóttir</b>	100%	Nemi / stuðningur
<b>Eyrún Elvarsdóttir</b>	100%	Nemi / stuðningur
<b>Þórey Þorkeldsdóttir</b>	75%	Leiðbeinandi
<b>Justyna Lis</b>	100%	Kennari, nemi
<b>Ana Lúcia Abranja Moita</b>	100%	Leiðbeinandi

Stjórnun, sérkennsla og eldhús	Starfshlutfall	Starfsheiti
Valborg Jónsdóttir	100%	Aðstoðaskólastjóri
Sólbjört Sigríður Gestsdóttir	100%	Skólastjóri
Gréta Helgadóttir	70%	Yfirmaður sérkennslu
Anna Margrét Aðalsteinsdóttir	37,5%	Leikskólaliði
Anika Katharina Wiest	75%	Iðjuþjálfari
Justyna Daszkiewicz	100%	Aðstoð í eldhúsi

Fæðingarorlof / leyfi	Starfshlutfall	Starfsheiti
Elín Björk Sigurjónsdóttir	100%	Leiðbeinandi
Harpa Sif Þorsteinsdóttir	100%	Deildarstjóri

## Umbótaáætlun

Samkvæmt mati frá síðasta ári eru nokkur verkefni sem vinna þarf í vetur.

Verkefni	Hverjir vinna	Byrjar	Verklok	Endurskoðun
Jafnréttisáætlun	Jafnréttisnefnd	nóvember 2021	maí 2022	maí 2023
Starfsmannastefna	Stjórnendur	?	?	?
Skólanámskrá	Allir	janúar 2021	desember '22	janúar 2024
Handbók fyrir nýtt starfsfólk	Stjórnendur	september 2020	júní 2022	september 2022
Stytting vinnuvikunnar	Styttingarráð	september 2020	janúar 2021	reglulega
Yfirfara verkferla innanhúss	Allir	ágúst 2020	júní 2022	ágúst 2023
Heilsueflandi leikskóli	Heilsueflandi ráð	ágúst 2020	júní 2022	reglulega
Öryggishandbók	Öryggisnefnd	ágúst 2021	nóvember 2022	janúar 2023

Áfram þarf að huga að samskiptum og samvinnu starfsfólks og passa að vera vakandi fyrir álagi og starfsanda. Veita eftirtekt, hrósa og styðja.

Þar sem stefnt er að því að ný leikskólabygging verði tekinn í notkun í byrjun árs 2023 þarf að gæta að viðhaldi og vinnuáðstæðum barna og starfsfólks.

- Það þarf að halda áfram að endurnýja tölvukost leikskólans.
- Halda áfram að hvetja starfsfólk til að sækja sér endurmenntun.



## Framtíðarsýn – Lokaorð

Í ágúst s.l. var fyrsta skóflustunga af nýja leikskólanum tekinn. Mikil gleði og spenningur er fyrir þessari stóru framkvæmd og biður starfsfólk spennt eftir flutningum. Í vetur munum við leggja áherslu á að viðhalda starfsgleði og vellíðan barna og starfsfólks.

Við höfum lagt áherslu á að laga innanhúss í Hvolnum og félagsmiðstöðinni til að sinna þörfum þeirra sem á deildunum eru. Útisvæði við þessar starfsstöðvar eru fábrotnar en lögð er áhersla á útikennslu og að læra á nærumhverfi. Við höfum áttað okkur á því að ef ekki er mikið um leiktæki á lóðinni þá þurfa börn að eiga félagsleg samskipti og sú jákvæða þróun sem við sáum þegar við fluttum var að börnin fóru að leika meira saman. Leikir voru meira skapandi og kraftist meiri félagsfærni af börnunum. Þetta viljum hafa til hliðsjónar þegar hönnun lóðar vegna nýs leikskóla verður fullgert.

Við sjáum fyrir okkur skemmtilegan og viðburðaríkan vetur með góð samskipti, virðingu og samvinnu að leiðarljósi en það eru einmitt gildin sem við kusum um nú á haustmánuðum þ.e. samskipti, virðing og samvinna.

## Skóladagatal 2021-2022

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
	1 M	1 F	1 M	1 M Aðventukaffi	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ Sprengidagur	1 F	1 S Verkalýðsdagurinn	1 M	1 F
Friðdagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F Aðventukaffi	2 S	2 M	2 M Óskudagur	2 L Alþjóðlegur dagur einhverfra	2 M	2 F	2 L
Leikskóli opnar kl 12	3 F	3 S	3 M	3 F Aðventukaffi	3 M Starfsdagur	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F Starfsdagur	3 S
	4 L	4 M Kynningar	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M Blá vika	4 M	4 L	4 M
	5 S	5 Þ Kynningar	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S Hvítasunnudagur	5 Þ
	6 M	6 M Kynningar	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunu	6 M
	7 Þ	7 F Kynningar	7 S	7 Þ	7 F	7 M Vísindavika	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F
	8 M Dagur læsis	8 F Haustiþing	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F
	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
	10 F	10 S	10 M Starfsdagur	10 F Söngstund	10 M Vasalösadagur	10 F	10 F Starfsdagur	10 S Pálmasunnudagur	10 Þ	10 F	10 S
	11 L	11 M Bleik vika	11 F	11 L	11 Þ	11 F Dagur íslenska táknnámsins	11 F	11 M	11 M	11 L	11 M Sumarfrí til 15 ágúst 2022
	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Sjúmannadagurinn	12 Þ
	13 M Græn vika	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ Jólíball	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F
	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S Föstudagurinn langi	15 M	15 F
	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ Dagur íslenskrar tungu	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M Útskriftaró elstu barna	16 F	16 L
	17 F	17 S	17 M	17 F Söngstund	17 M	17 F	17 F	17 S Páskadagur	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn	17 S
	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F Ömmu og afakaffi	18 M Annar í páskum	18 M	18 L	18 M
	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
	20 M Fjölmenningsvika	20 M	20 L Dagur mannréttinda barna	20 M	20 F	20 S Konudagur	20 S	20 M	20 F Óþó hósi	20 M	20 M
	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F Þorrablót	21 M	21 M Alþjóðlegi downsdagurinn	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ	21 F
	22 M	22 F	22 M Rauð vika	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F Starfsdagur	22 S	22 M	22 F
	23 F	23 L Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F Söngstund	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
	24 F Söngstund	24 S	24 M	24 F Aðfangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S
Þrottadagur	25 L	25 M	25 F	25 L Jólídagur	25 Þ	25 F Söngstund	25 F Söngstund	25 M	25 M Útskrift elstu barna	25 L	25 M
	26 S Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	26 F Söngstund	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppstigningardagur	26 S	26 Þ
Starfsdagur	27 M	27 M Bangsádagur	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F Söngstund	28 M Bolludagur	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F
	29 M	29 F Söngstund	29 M	29 M	29 L		29 Þ	29 F Söngstund	29 S	29 M	29 F
	30 F	30 L	30 Þ Aðventukaffi	30 F	30 S		30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
		31 S	Aðventukaffi	31 F Gamliársdagur	31 M		31 F		31 Þ		31 S